

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**U S T**

Umhverfisstofnun Ab. <u>08</u>
<b>13 AUG. 2003</b> <u>54.3</u>
Tilv. <u>UST20030500042</u>

Umhverfisstofnun

Stofnun umhverfisráðgjafna og vörðunar  
Laugavegi 166, 150 Reykjavík  
Sími 460 501 2000  
Fax 460 541 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

11. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030500042/6á

**Efni: Umsögn vegna svara Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 30. júlí sl., þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar vegna svara Landsvirkjunar við umsögn stofnunarinnar, dags. 12. júní sl., um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við svör framkvæmdaraðila.

***Endurheimt votlendis***

Í matsskýrslu vegna Urriðafossvirkjunar og í svörum Landsvirkjunar við athugasemdum Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar kemur fram að einungis séu uppi áform um að endurheimta votlendi í stað þeirra svæða sem tapast við HERRÍÐARHÓL og í Lóni. Þessi tvö svæði eru stærstu samfelldu votlendisskikarnir á áhrifasvæði virkjunarinnar, samanlagt 1,1 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Heildartap á votlendi vegna Urriðafossvirkjunar er hins vegar 1,36 km<sup>2</sup>, þ.e. 0,26 km<sup>2</sup> af votlendi á áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar samanstendur af minni votlendisskikum. Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að til þessara minni svæða teljist m.a. votlendissvæði í Breiðumýri, ofan Kaldárholtslækjar, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Mikilvægi votlendis hefur verið staðfest með sérstakri vernd þess skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, markmiðum stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til ársins 2020, og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands hvað varðar verndun líffræðilegs fjölbreytileika og losun koltvísýrings í andrúmsloftið, en votlendi gegnir veigamiklu hlutverki í bindingu kolefnis. Þessi mótvægisáðgerð er því einkar mikilvæg að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar hafa stjórnvöld markað þá stefnu að endurheimta beri a.m.k. jafn mikið votlendi og raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir, sbr. t.d. úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Snæfellsnesveggar um Kolgrafarfjörð dags. 23. ágúst 2002. Umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar er því í ósamræmi við fyrri úrskurði Umhverfisráðuneytis hvað þetta varðar. Svo jafnræðis sé gætt er eðlilegt að sömu kröfur gildi um allar framkvæmdir, burtséð frá því álitu stofnunarinnar sem kemur fram í umsögn hennar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar, dags. 12. júní sl.


***Rannsóknir á útbreiðslu greppmosa***

Stofnunin ítrekar fyrri athugasemdir sínar um könnun á útbreiðslu greppmosa. Þessi tegund hefur ekki fundist áður á landinu, og hefur því mikið verndargildi. Eins og

fram kom í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands mun hún verða sett á Válista finnist hún ekki víðar. Stofnunin telur það hlutverk framkvæmdaraðila að tryggja að tilvist þessarar plöntu á þeim hlutum áhrifasvæðisins sem ekki fara undir vatn sé ekki stefnt í hættu með framkvæmdum vegna Urriðafossvirkjunar sem hliðra mætti til með auðveldu móti. Því telur stofnunin eðlilegt að frekari rannsóknir fari fram á útbreiðslu plöntunnar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá neðan Búrfells áður en ráðist verður í framkvæmdir. Telji framkvæmdaraðili sig hins vegar hafa nægilegar upplýsingar um dreifingu plöntunnar innan áhrifasvæðis virkjunarinnar ætti með auðveldu móti að vera hægt að komast hjá óþarfa raski á greppmosa.

Virðingarfyllt,

  
Ólafur Arnason

  
Helgi Jónsson